

**Ed.**

**676. Nefndarálit**

**[72. mál]**

um frv. til l. um hægri handar umferð.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og ekki orðið sammála. Meiri hluti nefndarinnar vill samþ. það óbreytt. Við undirritaðir leggjum hins vegar til, að það sé fellt. Við teljum ekki rétt að gera jafnveigamikla breytingu, sem hér er um að ræða, nema brýn nauðsyn sé. Við höfum ekki getað sannfærzt um, að þessarar breytingar sé þörf nú. Hún kostar allmikið fé, og þau útgjöld teljum við að megi að skaðlausu spara. Breytingin mundi hafa í för með sér aukna siysahættu, meðan menn eru að venjast breytingunni.

Alþingi, 30. apríl 1966.

Ólafur Jóhannesson,  
frsm.

Bjarni Guðbjörnsson.

Alfreð Gíslason.